Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Express 50 SX illgresiseyðir**

Vörunúmer: **Express SX** **100g**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Illgresiseyðir.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Cheminova A/S
Thyborønvej 78,
7673 Harboøre Danmark
00-45-32662000
Kontakt-dk-agro@dupont.com
www.dupont.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	Húðnæm.1
H400	Mjög eitrað lífi í vatni	Bráð eit.á vatn 1
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):



Hættumerki

Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH401	Fylgið notkunarleiðbeingunum til að varast hættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið

Varnaðarsetningar

P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P261	Gætið þess að anda ekki inn úða.
P280	Notið hlífðarhanska.
P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.
P333+P313	Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið læknis.
P362+P364	Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.
P391	Safnið upp því sem hellist niður.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Sérákvæði um illgresiseyða:

SP 1	Forðist að menga vatnsból með vörunni eða óhreinum umbúðum. Hreinsið ekki dreifingarbúnað nærri yfirborðsvatni eða niðurföllum.
Spe 3	Notið ekki nær en í 2ja metra fjarlægð frá vatnsbólum til þess að vernda líf í vatni.

Spe 1	Til að vernda grunnvatn ætti ekki að nota þessa vöru nema 1 sinni á hverju vaxtarári (1.ág-31.júlí). Einnig ætti ekki að nota hana með vörum sem innihalda tríbenúron- metýl, joðósúlfúron, metsúlfúron-metýl, tríasúlfúron eða þífensúlfúron-metýl, á sama vaxtarári

2.3 Aðrar hættur:
Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Tríbenúron- metýl			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**50**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	401-190-1	**H-setningar**	-
CAS	101200-48-0	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðnæm.1 - **H317,** Bráð eit.á vatn - **H400,** Langv.eit.á vatn 1 **- H410**			

Trínatríum fosfat dódekahýdrat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119489800-32	**Innihald %**	**>10 - < 15**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	10101-89-0	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðæt.1 - **H314**, Augnskað.1 - **H318**			

Natríumkarbónat			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**> 5 - < 10**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	207-838-8	**H-setningar**	-
CAS	497-19-8	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Augnert. 2 - **H319**			

Ofangreind efni uppfylla kröfur REACH. Ekki er unnt að gefa upp skráningarnúmer, séu viðkomandi efni undanþegin skráningu, hafi ekki enn fengið REACH skráningu, eða séu skráð samkvæmt öðru skráningarferli (sæfiefni, verndarefni fyrir gróður).

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð: Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið læknis, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og fylgist með líðan. Veitið öndunaraðstoð, sé þess þörf. Leitið læknis séu einkenni veruleg.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis við ertingu eða ofnæminseinkennum.

Snerting við augu Skolið strax með miklu vatni eða helst augnskolvökva í a.m.k. 15-20 mín. eða þar til erting hverfur og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið augnsérfræðings sé erting viðvarandi.

Inntaka Leitið strax læknis við vanlíðan, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Framkallið EKKI uppköst nema að læknisráði. Skolið munn, sé hinn slasaði við meðvitund.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Eiturhrif í fólki eru ekki þekkt, né einkenni við eitrun í tilraunaskyni.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, froða, slökkviduft, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli, getur dreift mengun.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast hættuleg niðurbrotsefni, t.d. kolefnisoxíð og nituroxíð.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Fjarlægið óbrunnið efni af brunastað, sé það unnt án áhættu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið. Komið í veg fyrir mengun vatnsbóla.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.
Forðist rykmyndun. Rýmið mengað svæði. Vinnið vindmegin við mengað svæði.
Notið viðeigandi persónuhlífar. Sjá liði 7 og 8.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Upplýsið Umhverfisstofnun um mengunarslys.
Verði losun í gleypt efni, t.d. jarðveg, skal hreinsa hann upp eftir föngum, til förgunar.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við litla losun skal ryksuga upp efnið, eða safna saman með handverkfærum og farga skv. 13.lið.
Við meiri losun skal forðast rykmyndun, takmarka mengunarsvæðið og ryksuga upp, eða nota votsópun. Við losun í jarðveg, skal fjarlægja efstu 5 cm af hinu mengaða yfirborði.
Setjið í þar til gerð, vandlega lokuð og merkt ílát og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði.
Setjið aldrei upphreinsað efni aftur í upprunalegu umbúðirnar.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu og fatnað. Reykið ekki.
Forðist innöndun ryks og úða. Notið persónuhlífar. Notið hreinan búnað.
Undirbúið úðunarlausn samkvæmt leiðbeiningum og notið svo fljótt sem unnt er- Hún geymist ekki.
Tryggið nægilega loftræstingu þar sem hætta er á rykmyndun.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og strax þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Forðist rykmyndun í lokuðum rýmum. Hætta er á myndun sprengifimrar blöndu lofts og ryks við vinnu með vöruna.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum og merktum upprunalegum umbúðum á þurrum, vel loftræstum stað.
Takmarkið aðgang. Geymist þar sem börn ná ekki til. Geyma má vöruna með öðrum efnum, þó ekki matvælum eða dýrafóðri. Varan er stöðug við ofangreind geymsluskilyrði.
Æskilegt geymsluhitastig: <35°C.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Natríumkarbónat					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	10	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	10	mg/m3

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nítrílgúmmíi. (EN 374, 0,3 mm, fl.6, gegnstreymistími >480 mín). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska. Hreinsið hanska með vatni og sápu áður en þeir eru teknir úr notkun.

Húð - annað

Við blöndun úðunarvökva:
Heilgalli, gerð 5-6 (EN ISO 13982-2/EN 13034),
gúmmísvunta og -stígvél (EN 13832-3/EN ISO 20345).
Við dreifingu:
Farartæki með lokuðu ökumannsrými: Engar sérstakar kröfur.
Opin farartæki eða handvirk dreifing: Sjá kröfur að ofan fyrir blöndun úðunarvökva.

í umhverfisverndarskyni ætti að hreinsa allan mengaðan fatnað vandlega eftir hverja notkun.

Notendum er ráðlagt að kynna sér gegnstreymisþol þess fatnaðar sem notaður er, til að tryggja að nægileg vörn og þægindi séu til staðar. Bent er á upplýsingar frá framleiðendum fatnaðar.

Öndunarfæri

Við blöndun úðunarvökva:
Hálfgríma með kornasíu af gerð FFP1 (EN 149)
Við dreifingu:
Farartæki með lokuðu ökumannsrými: Engar sérstakar kröfur.
Opin farartæki eða handvirk dreifing: Hálfgríma með ryksíu af gerð FFP1 (EN 149).

Almennt um varúðarráðstafanir:

Veljið persónuhlífar með tilliti til gerðar og styrks þeirra hættulegu efna sem unnið er með. Skoðið allar persónuhlífar fyrir notkun, og endurnýið/hreinsið eftir þörfum. Einungis fólk sem ber viðeigandi persónuhlífar ætti að vera til staðar við úðun.

Hreinlætisráðstafanir:

Viðhafið góðar vinnuvenjur og hreinlæti. Hreinsið fatnað og búnað reglulega. Geymið vinnufatnað á vinnustað og ekki með öðrum fatnaði. Forðist mengun við hreinsun.
Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Fast efni, kornað	
Litur:	Ljósbrúnn	
Lykt:	Mild	
pH (20°C):	8,4-9,4	(10 g/l)
Bræðslumark:	Liggur ekki fyrir	
Suðumark:	Á ekki við	
Blossamark:	Á ekki við	
Oxandi eiginleikar:	Neikvætt	

Sprengifimi: Neikvætt
Eldfimi: Nærir ekki eld
Eðlismassi: 0,640 g/cm3 (þjappað)
Leysanleiki í vatni: Leysanlegt.

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt við venjulegar notkunaraðstæður. Ekki hætta á fjölliðun eða niðurbroti við þau skilyrði.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Brotnar hægt niður í snertingu við vatn. Forðist yfirhitun sem getur leitt til niðurbrots.
Ryk í háum styrk getur myndað sprengifima blöndu með lofti.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Engin sérstök.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Brennisteinsoxíð.
Við bruna geta einnig myndast hættuleg niðurbrotsefni, t.d. kolefnisoxíð og nituroxíð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Express SX					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	föst skömmtun
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	OECD 402
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Jákvætt		hamstur	hámarksmagn
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (VES)	Ekki flokkað sem slíkt				
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (EV)	Ekki flokkað sem slíkt				

Tríbenúron- metýl					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>6,0	mg/l/4 klst	rotta	OECD 403
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (EV)	Eftirfarandi kom fram við styrk sem er mun hærri en við venjulega notkun, og sem kemur fram í merkingu. Mús: NOAEL 500 mg/kg (90 d) (minnkuð þyngdaraukning)				
Stökkbreytingar	Tilraunir með dýr og gerla hafa ekki leitt slíka verkun í ljós				
Krabbamein	Ekki flokkað sem krabbameinsvaldur hjá fólki. Vart hefur orðið aukinna æxlimyndana hjá tilraunadýrum (mjólkurkirtlar)				
Eitrun æxlunarfæra	Engin eiturhrif þekkt				

Natríumkarbónat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	1,15	mg/l/4 klst	rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Forðist losun í niðurföll, frárennsli, jarðveg og vatnsból. Varan er mjög eitruð lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Express 50 SX					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	>120 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC_{50}	>120 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	0,00652 mg/l	7 d	vatnagróður	US EPA TG OPP 122-2 & 123-2
Eiturhrif	ErC_{50}	>0,080 mg/l	72 klst	þörungar	OECD TG 201
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar treglega niður			Upplýsingar um virkt innihaldsefni
Uppsöfnun í lífverum		Neikvætt			Upplýsingar um virkt innihaldsefni
Dreifanleiki í jarðvegi	Dreifist takmarkað utan yfirborðslags				
Mat á PBT / vPvB	Flokkast ekki sem slíkt				

Tríbenúron- metýl					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Langvinn eiturhrif	NOEC	11,9 mg/l	28 d	Fiskar	OECD 210
Langvinn eiturhrif	NOEC	114 mg/l	21 d	Daphnia	OECD 211

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Endurnýtið ekki umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking

UN Númer 3077
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS MATERIAL, SOLID, N.O.S. (TRIBENURON METHYL)
Hættuflokkur: 9
Pökkunarflokkur: III
Mengunarhætta: Já
Jarðgangaflokkun: E



IMDG:

UN Númer 3077
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS MATERIAL, SOLID, N.O.S. (TRIBENURON METHYL)
Hættuflokkur: 9
Pökkunarflokkur: III
Sjávarmengandi: Já



IATA:

UN Númer 3077
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS MATERIAL, SOLID, N.O.S. (TRIBENURON METHYL)
Hættuflokkur: 9
Pökkunarflokkur: III



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

Sjá einnig eftirfarandi tilskipanir EB:
94/33 um vinnuvernd gagnvart ungu fólki
98/24 um vinnuvernd við notkun efnavara
98/25 um vinnuvernd gagnvart þunguðum konum
96/82 um stórslys við notkun hættulegra efnavara
2000/39 um viðmiðunarmörk styrks efnavara í vinnuumhverfi

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.
Varan er skráð sem gróðurverndarefni samkvæmt tilskipun EB 1107/2009.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318 Veldur alvarlegum augnskaða
H319 Veldur alvarlegri augnertingu
H400 Mjög eitrað lífi í vatni
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***DU PONT DANMARK APS***
SIKKERHEDSDATABLAD i henhold til Forordning (EF) No 1907/2006 og 453/2010
EXPRESS SX
Útgáfa: *15.10. 2018 Útgáfa 1.0*